



Vetrarþjónusta í Fjarðabyggð

Verklagsreglur

Umsjón

Frankvæmda- og þjónustumiðstöð hefur umsjón með snjómokstri og hálkuvörnum á götum og gangstéttum í þéttbýliskjörnum í Fjarðabyggð.

Vetrarþjónustan

Þjónusta miðar að því að halda opnum helstu stofn- og tengibrautum, strætisvagnaleiðum og aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er. Í þeim tilvikum verða gefnar út tilkynningar á fasbókarsíðu og á vef Fjarðabyggðar um hvenær megi búast við opnun gatna og stíga. Snjómokstur fer ekki fram á milli 16:00 til 05:00. Verkkaupi getur ákveðið að hefja þjónustuna síðar þegar snjómagn er lítið. Þjónustan er ekki í boði meðan óveður gengur yfir.

Þjónustuflokkar fyrir snjómokstur gönguleiða

1. Þjónustuflokkur

Stofnstígar (rauðir) – leiðir milli hverfa og að skólum og helstu stofnunum

Stofnstígar, s.s. göngu- og hjólastígar milli hverfa fá forgang í hreinsun og síðan helstu leiðir sem liggja að skólum, leikskólum, strætisvagnabiðstöðvum og helstu stofnunum byggðarkjarna.

2. Þjónustuflokkur

Stofn- og tengistígar (gulir)

Liggja um hverfi og eru þjónustaðir þegar mokstri lýkur í 1. þjónustuflokki, þegar veður og aðstæður eru góðar.

3. Þjónustuflokkur

Tengistígar og aðrir stígar (grænir)

Liggja um fáfarin hverfi og utan byggðarkjarna og eru einungis þjónustaðir þegar langtíma veðurútlit er gott.

Til að draga úr hálfu á helstu gönguleiðum er notast við saltblandaður sandur. Leitast er við að nota efnið í eins litlum mæli og mögulegt er.

Sjá til skýringar yfirlitsmyndir af stígum í Fjarðabyggð eftir þjónustuflokkum.

Þjónustuflokkar fyrir snjómokstur og hálkuvörnir gatna

1. Þjónustuflokkur (rauðar götur)

Allar stofnbrautir og helstu tengibrautir að neyðarþjónustu og stofnbrautum í umsjón Vegagerðarinnar. Þessar götur njóta forgangs í snjómokstri; stofnbrautir, helstu tengibrautir m.a. að neyðarþjónustu s.s. sjúkrahúsum, lögreglu, slökkviliði og strætisvagnaleiðum og fjölförnum safngötum.



2. Þjónustuflokkur (gular götur)

Aðrar tengibrautir og safngötur með minni umferð, liggja að og um hverfi.

Eru þjónustaðir þegar mokstri lýkur í 1. þjónustuflokki .

3. Þjónustuflokkur (grænar á korti)

Húsagötur og fáfarnar safngötur. Húsagötur eru ekki mokaðar nema þær séu þungfærar einkabílum, eða stefni í að þær verði þungfærar, og ef von er á hláku.

Sjá til skýringar yfirlitsmyndir af götum í Fjarðabyggð eftir þjónustuflokkum.

Þau svæði gatna sem eru háлкуvarin í bænum eru fyrst og fremst erfiðar brekkur og gatnamót. Við háлкуvarnir gatna er að jafnaði notast við saltblandað malarefni.

Þjónustuflokkar í háлкуvörnum gatna

1. Helstu brekkur og gatnamót á stofnbrautum, tengibrautum og safngötum.
2. Brekkur og gatnamót í húsagötum.

Nánar um húsagötur og fáfarnari safngötur

Húsagötur eru aðeins hreinsaðar ef þær eru þungfærar einkabílum.

Framkvæmda- og þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar hreinsar snjó almennt frá innkeyrslum. Við snjóhreinsun gatna er þó líklegt að snjóruðningur eða -kögglar geti orðið eftir við innkeyrslur, sem ekki næst að hreinsa og þurfa því íbúar að sjá um þá hreinsun sjálfir.

Þau svæði gatna sem eru háлкуvarin í byggðarkjörnum eru fyrst og fremst erfiðar brekkur og gatnamót. Við háлкуvarnir gatna er notast við salt og saltblandaðan sand.

Þegar aðstæður kalla eftir, er notast við salt á stofn- og tengibrautir, en saltblandaðan sand á húsagötur og getur mögulega þurft að dreifa háлкуvarnarefni á allar húsagötur.